

STJÓRNARFUNDUR HALDINN Á LÖNGUMÝRI Í SKAGAFIRÐI MÁNUDAGINN 19. NÓVEMBER 2012 KL 10:00

Mánudaginn 19. Nóvember 2012 kom stjórn SSNV saman til fundar á Löngumýri í Skagafirði. Mættir voru. Bjarni Jónsson, Sigurjón Þórðarson, Ágúst Þór Bragason, Adolf H. Berndsen, Leó Örn Þorleifsson varamaður Skúla Þórðarsonar, og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Formaður Bjarni Jónsson setti fund og stjórnaði.

1. Fundargerð síðasta fundar

2. Hvatningarverðlaun SSNV atvinnuþróunar 2012.

Framkvæmdastjóri lagði fram tilnefningar að Hvatningarverðlaunum SSNV atvinnuþróunar 2012. Tilnefnd eru Biopol sjávarlíftækni-setur, Blöndubýggð ehf, Ístex – ullardeild, SAH afurðir og Spákonuurfur ehf.

Stjórn samþykkir jafnframt að Biopol sjávarlíftækni-setur á Skagaströnd hljóti hvatningarverðlaun SSNV atvinnuþróunar 2012. Verðlaunin verða afhent á Degi atvinnulífsins á Norðurlandi vestra sem haldinn verður á Skagaströnd fimmtudaginn 22. nóvember n.k.

3. Sóknaráætlun landshluta

- a. **Leiðbeiningar við gerð sóknaráætlunar landshluta.** Lagðar fram til kynningar leiðbeiningar um gerð sóknaráætlunar landshluta. Sóknaráætlun landshluta felur í sér nýtt verklag þar sem hver landshluti myndar samráðsvettvang sem hefur það hlutverk að móta framtíðarsýn og áætlun sem liggja skal til grundvallar við úthlutun opinbers fjármagns. Verklagið felur einnig í sér breytt samskipti á afmörkuðum sviðum milli ríkis og landshlutanna, sem og aukins samráðs milli haghafa í hverjum landshluta. Ábyrgð og utanumhald verkefnisins er hjá landshlutasamtökum sveitarfélaga.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2013 er gert ráð fyrir 400 milljónum

Fyrir árið 2013 verður áhersla lögð á stefnur og forgangsröðun í eftirtöldum málaflokkum.

- Atvinnumál og nýsköpun.
- Mennta- og menningarmál.
- Markaðsmál.

- b. **Samráðsvettvangur vegna gerðar sóknaráætlunar landshluta.** Umræður urðu um myndun samráðsvettvangs hagsmunaaðila í héraði vegna gerðar sóknaráætlunar á Norðurlandi vestra. Stjórn SSNV samþykkir að kalla eftir tilnefningum frá eftirtöldum aðilum um að taka sæti í samráðsvettvangi um gerð sóknaráætlunar Norðurlands vestra

- ✓ Öll sveitarfélögin á Norðurlandi vestra tilnefni tvo fulltrúa. (einn frá meirihluta og einn frá minnihluta þar sem það á við). Samtals fjórtán fulltrúar.
- ✓ Sex fulltrúar atvinnulífsins. (Tilnefnt af Samtökum atvinnulífsins)
- ✓ Einn fulltrúi Háskólans á Hólum.
- ✓ Einn fulltrúi Rannsóknarsetri Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra.

- ✓ Einn fulltrúi Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra.
- ✓ Einn fulltrúi Farskólans- miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra.
- ✓ Tveir fulltrúar rannsóknarsetra.
- ✓ Einn fulltrúi nemenda Háskólans á Hólum
- ✓ Einn fulltrúi nemenda Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra
- ✓ Einn fulltrúi Virkja- Norðvesturkonur
- ✓ Einn fulltrúi eldri borgara á Norðurlandi vestra
- ✓ Einn fulltrúi kvenfélaga á Norðurlandi vestra
- ✓ Einn fulltrúi ferðamálafélags V- Hún.
- ✓ Einn fulltrúi ferðamálafélags A- Hún.
- ✓ Einn fulltrúi ferðamálafélags Skagafjarðar.
- ✓ Tveir fulltrúar svæðisbundinna stofnanna (Vinnumálastofnun og Sýslumaðurinn á Blönduósi).
- ✓ Tveir fulltrúar launþegasamtakana (Stéttarfélagið Aldan og Stéttarfélagið Samstaða).
- ✓ Fjórir fulltrúar stoðstofnanna (Menningarráð Norðurlands vestra, Markaðsstofu Norðurlands, Leiðbeiningamiðstöðin í Skagafirði og Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda).

Að auki mun stjórn SSNV eiga sæti á samráðsvettvanginum auk framkvæmdastjóra sveitarfélagana. Gert er ráð fyrir að sóknaráætlun verið skilað eigi síðar en 25. Janúar 2012.

Framkvæmdastjóra falið að kalla eftir tilnefningum samkvæmt framangreindu.

4. Minnisblað framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga um hlutverk landhlutasamtakana. Lagt fram til kynningar minnisblað framkvæmdastjóra Sambandsins þar sem kynnt er stofnun fimm manna nefndar sem fjalla á um hlutverk landshlutasamtaka og stjórnsýslustig á Íslandi. Nefndin greini stöðuna og leggi mat á þróunina m.t.t hvort hugsanlega stefni í myndun þriðja stjórnsýslustigsins án stefnumörkunar þar um. Stjórn SSNV leggur áherslu á aðkomu fulltrúa landshlutasamtakana að starfi nefndarinnar og leggur til að landshlutasamtökin tilnefni tvo fulltrúa í nefndina.

5. IPA styrkumsóknir – staða mála. Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála varðandi umsóknarvinnu um IPA styrki. Unnið er að fjórum umsóknum

- 1. Matarklasi.** Upphaflega samstafsverkefni SSNV, SSV og FV. Einhverjar breytingar hafa orðið á verkefninu frá upphaflegum áformum og verður framlag SSNV væntanlega í formi umsýjónar með kynningarmálum.
- 2. Ungt fólk allstaðar - Youth everywhere.** Samstarf SSNV, Vinnumálastofnunar, Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og Farskólans – miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra um þróun tækifæra til nýsköpunar og þróunar fyrir yngri aldurshópa.
- 3. Flugklasi Norðurlands:** Samstarfsverkefni Markaðsstofu Norðurlands, Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga, Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar og SSNV um vöruþróun í ferðaþjónustu á Norðurlandi.

4. **Vatnavinir:** Samstarf FV, SSV og SSNV um þróun heilsutengdra áfangastaða fyrir ferðamenn.
6. **Erindi Háskólans á Hólum dags 2. október 2012.** Lagt fram bréf deildarstjóra ferðamáladeildar Háskólans á Hólum þar sem óskað er stuðnings frá SSNV kr. 300 þúsund vegna North Atlantic Forum ráðstefnunnar um ferðapjónustu í dreifbýli sem haldin verður á Hólum 12.-14.6 2012. Stjórn SSNV sér sér ekki fært að verða við erindinu.
7. **Erindi Markaðsstofu Norðurlands dags. 30. Október 2012.** Í bréfinu er óskað framlengingar á gildandi samningi SSNV og Markaðsstofu Norðurlands sem rennur út 31. Desember n.k til ársins 2015. Stjórn SSNV samþykkir að framlengja gildandi samning um eitt ár þ.e úr árið 2013 enda gerir fjárhagsáætlun SSNV fyrir árið 2013 sem ársþing hefur samþykkt,ráð fyrir árfrámhaldandi samningi SSNV og Markaðsstofunnar.
8. **Erindi SÁÁ dags 4. Október 2012.** Lagt fram bréf SÁÁ þar sem leitað er eftir stuðningi sveitarstjórna við að 10% áfengisgjalds verði varið til þess að veita þolendum áfengis og vímuefnavandans félagslega þjónustu og stuðning sem sveitarfélögum ber að veita. Stjórn SSNV leggur áherslu á mikilvægi þess að vinna að vinna að bættri félagslegri þjónustu og úrræðum fyrir þolendur áfengis og vímuefnavandans. Stjórnin bendir á að samskonar erindi hefur borist sveitarfélögunum á starfsvæði SSNV og mun afgreiðsla þeirra endurspegla skoðanir sveitarstjórna á Norðurlandi vestra til málsins.
9. **Bréf Línudans ehf 9. Október 2012.** Í bréfinu er kynnt þjónusta fyrirtækisins í þróun og enduruppbygginu raforkuflutningskerfa. Lagt fram til kynningar.
10. **Fundargerðir**
 - a. **Stjórnar Eyþings frá 2. Október 2012.** Lögð fram til kynningar.
 - b. **Stjórnar Eyþings frá 5. Október 2012.** Lögð fram til kynningar.
 - c. **Stjórnar Eyþings frá 22. Október 2012.** Lögð fram til kynningar.
 - d. **Stjórnar Fjórðungssambands Vestfjarða 3. Október 2012.** Lögð fram til kynningar.
 - e. **Stjórnar Fjórðungssambands Vestfjarða 31. Október 2012.** Lögð fram til kynningar.
 - f. **Stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga frá 5. Nóvember 2012.** Lögð fram til kynningar.
 - g. **Stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga frá 26. Október 2012.** Lögð fram til kynningar.
 - h. **Stjórnar Markaðsstofu Norðurlands frá 11. September 2012.** Framkvæmdastjóri kynnti fundargerðina.
 - i. **Stjórnar Markaðsstofu Norðurlands frá 22. Október 2012.** Framkvæmdastjóri kynnti fundargerðina.
11. **Frumvörp til umsagnar**
 - a. **Drög að frumvarpi um almenningssamgöngur – minnisblað lögfræðinga Sambandsins.** Stjórn SSNV leggur þunga áherslu á að við gerð frumvarpsins verði Vegagerðinni færð úrræði til verndar einkaleyfi landshlutasamtakana á almenningssamgöngum. Framkvæmdastjóra falið að veita umsögn í samráði við önnur landshlutasamtök.



12. Álitamál er varð stjórnarkjör SSNV ofl.- framhaldsárþing 2012. Lagt fram álit lögfræðinga Sambandsins á þeim álitamálum sem uppi eru vegna stjórnarkjörs SSNV. Umræður urðu um málið. Álitið hefur verið sent þingfulltrúum á framhaldsárþing SSNV sem haldið verður á Skagaströnd þriðjudaginn 27. Nóvember kl 13:00

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 12:30 **Jón Óskar Pétursson fundarritari**